

*Samþykkt á stofnfundi  
18. janúar 2018.*

## **Lög Félags sjúkrahúslækna**

### **I. KAFLI**

#### **Heiti félagsins og heimili, markmið.**

##### **1. gr.**

*Heiti félagsins og heimili.*

Félagið heitir Félag sjúkrahúslækna, skammstafað FSL. Lögheimili þess og varnarþing er í Kópavogi. Félagið er eitt aðildarfélag Læknafélags Íslands (LÍ).

##### **2. gr.**

*Markmið.*

Markmið félagsins eru:

- a) Að gæta faglegra og félagslegra hagsmuna félagsmanna.
- b) Að vera samráðsaðili fyrir hönd félagsmanna varðandi gerð kjarasamninga.
- c) Að vera vettvangur fyrir símenntun, rannsóknar- og gæðastarf félagsmanna.
- d) Að efla framþróun í læknisfræði og heilbrigðisþjónustu.

### **II. KAFLI**

#### **Félagsmenn, félagsgjöld, kosningaréttur og kjörgengi, úrsagnir úr félaginu, kjör heiðursfélaga**

##### **3. gr.**

*Félagsmenn.*

Félagar geta þeir einir orðið sem eru lækna, félagsmenn í LÍ og starfa á heilbrigðisstofnunum. Með heilbrigðisstofnunum er átt við sjúkrahús, opinberar eða sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki þar sem lækna starfa.

##### **4. gr.**

*Félagsgjöld.*

Aðalfundur ákveður félagsgjöld félagsmanna til að standa straum af rekstri félagsins. Árgjald skal greitt fyrir lok hvers árs.

Heiðursfélagar skulu undanþegnir félagsgjöldum enda séu þeir félagsmenn.

##### **5. gr.**

*Kosningaréttur og kjörgengi.*

Fullgildir félagar með kosningarétt og kjörgengi í embætti félagsins eru þeir lækna sem eru félagsmenn skv. 3. gr. og greiða árgjald til félagsins skv. 4. gr. Stjórn félagsins eða félagsfundur sker úr um ágreining sem upp kann að koma um þetta atriði.

**6. gr.**

*Úrsagnir úr félaginu.*

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg.

**7. gr.**

*Kjör heiðursfélaga.*

Stjórn félagsins getur valið heiðursfélaga úr hópi félagsmanna. Val heiðursfélaga skal vera einróma ákvörðun stjórnar og skal tilkynna hana á aðalfundi.

**III. KAFLI**

**Aðalfundur og félagsfundir.**

**8. gr.**

*Aðalfundur.*

Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu mars – maí ár hvert og fer hann með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal boða tryggilega, t.d. með rafrænum hætti og á heimasíðu LÍ með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal getið dagskrár og tillögu stjórnar um helming aðal- og varafulltrúa félagsins á komandi aðalfund LÍ. Aðalfundur er lögmatgur ef löglega er til hans boðað.

**9. gr.**

*Dagskrá aðalfundar.*

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

- a) Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.
- b) Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið reikningsár með athugasemdum skoðunarmanna.
- c) Stjórnarkjör. Hlutkesti ræður ef atkvæði eru jöfn.
- d) Kosning annars tveggja fulltrúa félagsins í stjórn LÍ.
- e) Kosning aðal- og varafulltrúa á komandi aðalfund LÍ. Heimilt er að tilnefna aðra fulltrúa á þessum fundi en fram koma í tillögu stjórnar. Séu fleiri tilnefndir en kjósa skal ræður afl atkvæða.
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins varamanns.
- g) Ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta ár og fjárhagsáætlun.
- h) Lagabreytingatillögur, ef borist hafa.
- i) Önnur mál.

**10. gr.**

*Setning aðalfundar og fundarstjóri.*

Formaður setur aðalfund og tilnefnir fundarstjóra. Atkvæðagreiðsla fer eftir því sem fundarstjóri kveður á um. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram ef einhver fundarmanna óskar eftir því.

**11. gr.**

*Félagsfundir.*

Félagið heldur fundi um félagsleg málefni eftir því sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun stjórnar, fundarályktunum eða þegar minnst 20 félagsmenn óska þess. Við það skal miðað að reglulegir fundir séu boðaðir

með viku fyrirvara en ef þörf krefur má boða þá með skemmri fyrirvara. Í fundarboði skal geta dagskrár. Formaður tilnefnir fundarstjóra. Bóka skal í fundargerðabók það helsta sem gerist á fundum félagsins, einkum fundarsamþykktir.

#### IV. KAFLI

### Stjórn félagsins, nefndir, skipan og kjör fulltrúa á aðalfund Læknafélags Íslands.

#### 12. gr.

##### *Stjórn félagsins.*

Stjórn félagsins skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Skal hver þeirra kosinn til tveggja ára í senn. Við það miðað að sami einstaklingur sé ekki lengur en 6 ár í sama embætti.

Tillögur um kjör stjórnarmanna skal senda stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Stjórn gætir þess að ekki sé gerð tillaga um færri menn en kjósa á, en sérhver félagsmaður hefur tillögurétt. Þeir einir eru kjörgengir sem tillaga hefur verið gerð um með þessum hætti.

Stjórn félagsins getur ákveðið að stjórnarkjör og kjör fulltrúa félagsins í stjórn LÍ skuli fara fram með rafrænum hætti. Við framkvæmd slíkra stjórnarkosninga skal hafa mið af ákvæðum laga LÍ um rafrænt kjör formanns félagsins.

#### 13. gr.

##### *Verksvið stjórnar og nefndir.*

Stjórn fer með málefni félagsins á milli aðalfunda.

Stjórnin skal hafa vakandi auga á öllu því er varðar hagsmuni félagsmanna. Hún kemur fram fyrir hönd félagsmanna, veitir umsagnir og miðlar upplýsingum til þeirra og annarra um það er þá varðar.

Stjórnin leysir úr ágreiningsmálum milli félagsmanna og varðandi þá. Stjórnin getur vísað ágreiningsmálum til Siðanefndar LÍ.

Fundir stjórnar eru lögmætir þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur. Rita skal fundargerðir funda stjórnar og nefnda félagsins.

Stjórn skipar nefndir félagsins eftir þörfum. Þegar nefndir fjalla um hagsmuni ákveðins hóps lækna skal þess jafnan gætt að fulltrúi viðkomandi hóps starfi með nefndinni. Fundargerðir stjórnar skal birta á innri vef heimasíðu LÍ.

Nefndir félagsins skila greinargerð um störf sín til stjórnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund.

#### 14. gr.

##### *Skipun og kjör fulltrúa á aðalfund Læknafélags Íslands.*

Helmingur aðal- og varafulltrúa félagsins á aðalfund LÍ skal kosinn á aðalfundi félagsins, sbr. 9. gr. og standi tala fulltrúa á oddatölu skal oddamaður kosinn á aðalfundi. Stjórn félagsins skipar síðan þá aðal- og varafulltrúa sem á vantar til að fullum fulltrúafjölda félagsins á aðalfund LÍ sé náð eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund LÍ.

Við val á fulltrúum félagsins á aðalfundi LÍ skal þess gætt að þeir endurspegli eins og kostur er vinnustaði, sérgreinar og búsetu félagsmanna.

Við val í trúnaðarstörf innan og á vegum félagsins og í starfi þess skal þess gætt að kynjahlutfall sé sem jafnast.

## **V. KAFLI**

### **Reikningsár og endurskoðun.**

#### **15. gr.**

*Reikningsár og endurskoðun.*

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Kjörnir skoðunarmenn skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá.

Fyrir 1. mars ár hvert skal löggiltur endurskoðandi hafa lokið við samning reiknings fyrir liðið reikningsár í samvinnu við gjaldkera félagsins. Skoðunarmenn skulu gera stjórninni grein fyrir skoðun sinni og athugasemdum innan þriggja vikna.

## **VI. KAFLI**

### **Ýmis ákvæði.**

#### **16. gr.**

*Lagabreytingar.*

Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði 2/3 fundarmanna atkvæði með breytingunni. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins a.m.k. fjórum vikum fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skal kynna í fundarboði aðalfundar.

#### **17. gr.**

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða*

1. Fyrsta stjórn Félags sjúkrahúslækna skal kosin á stofnfundi þannig að formaður og gjaldkeri skulu kosnir til þriggja ára og varaformaður, ritari og meðstjórnandi til tveggja ára.
2. Aðalfundarfulltrúar Félags sjúkrahúslækna á aðalfundi LÍ 2018 skulu kosnir á félagsfundi sem stjórn boðar til með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfundinn. Á sama félagsfundi skal einnig kosinn annar af tveimur fulltrúum félagsins í stjórn LÍ starfsárið 2018-2019.